

Skýrsla Tölvunefndar LH fyrir starfsárið 2017

Eins og kom fram í síðustu starfsskýrslu nefndarinnar var reiknað með að ný útgáfa SportFengs yrði tekin í notkun fyrir keppnistímabilið 2017. Það tókst ekki og voru það nefndarmönnum og mörgum öðrum mikil vonbrigði og sannarlega var þetta ekki í fyrsta sinn sem útgáfan tafðist. Mikil vinna átti sér þó stað allt síðastliðið starfsár eins og mörg undanfarin ár. Nefndin fundaði mörgum sinnum og notaði yfirleitt Skype á vegum LH og gaf það góða raun. Ótal fundir hafa einnig átt sér stað með forriturum hjá Tölvudeild bændasamtakanna. Nýr SportFengur leit svo loksins dagsins ljós nú um miðjan september. Þó hann hafi þegar verið tekinn í notkun er vinnu við hann hvergi nærri lokið og verður henni haldið áfram í allt haust. Vonandi verður kerfið orðið mjög gott strax þegar mót hefjast í vetur. Við verðum þó alltaf að vera viðbúin því að einhverjar villur finnast ekki fyrr en þegar kerfið er komið í umtalsverða notkun.

Sérstakur starfshópur var myndaður á síðasta ári til að vinna undirbúningsvinnu vegna apps sem við viljum að verði tekið í notkun sem fyrst og mun tengjast hinum nýja SportFengs. Appinu er ætlað að auðvelda fólki að fylgjast með mótum og gögnum frá mótum nánast jafnóðum og þau verða til. Á næstunni verða teknar ákvarðanir um frekari framvindu þess máls.

Á hverju keppnistímabili leggja nefndarmenn af mörkum mikla vinnu við að leiðbeina og aðstoða notendur hugbúnaðarins, aðallega símleiðis. Ekki hefur dregið úr þörf notenda á aðstoð. Oft hafa vandamál tengst flutningi gagna á milli SportFengs og Kappa en nú erum við laus við þann flutning. Snemma árs 2017 kom ný útgáfa af Felix sem heldur utan um félagatöl allrar íþróttahreyfingarinnar og er á vegum ÍSí. Mörg vandamál komu flóttlega í ljós vegna hins nýja Felix og er ekki enn búið að leysa þau öll.

Þegar þetta er ritað hafa ekki verið teknar ákvarðanir um námskeiðahald vegna SportFengs en gera má ráð fyrir að nefndin muni standa fyrir námskeiðum í vetur enda er þörfin augljós nú þegar hugbúnaðurinn hefur tekið miklum breytingum.

Þetta fólk skipar nú Tölvunefnd LH: Ágúst Guðjónsson, Eyþór Jón Gíslason, Gísli Geir Gylfason, Kristín Jónasdóttir, Oddur Hafsteinsson, Valdimar Snorrason og Þórður Ingólfsson sem er formaður.

Fyrir hönd Tölvunefndar LH í október 2017,

Þórður Ingólfsson